

FUNDARGERÐ HREPPSNEFNDAR

Þriðjudaginn 8. desember 2004 var fundur haldinn í Hreppsnefnd Höfðahrepps kl 17⁰⁰ á skrifstofu hreppsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Birna Sveinsdóttir, Jensína Lýðsdóttir, Gígja H. Óskarsdóttir og Magnús B. Jónsson.

Oddviti, Adolf H. Berndsen, setti fundinn og stjórnaði honum.

Dagskrá:**1. Atvinnumál, samningar um atvinnuleit – stuðning við atvinnulíf.****a) Samningur við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka**

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Fyrirtækjaráðgjöf Landsbanka Íslands hf. þar sem skilgreint er samkomulag um samstarf við leit að fjárfestingarkostum í atvinnulífi.

Hreppsnefnd yfirfór samningsdrögin en síðan var samþykkt að fela oddvita og sveitarstjóra að undirrita samning á þeim forsendum sem lágu fyrir fundinum.

b) Samningur við Framgöngu ehf

Fyrir fundinum lágu drög að samningi við Framgöngu ehf um ráðgjöf fyrir stofnanir og fyrirtæki á Skagaströnd til að styrkja atvinnulíf og leita nýrra atvinnutækifæra. Adolf lýsti vanhæfi sínu til að fjalla um málið og vék af fundi. Hreppsnefnd yfirfór samninginn, samþykkti hann og fól sveitarstjóra að undirrita hann.

2. Fundur Héraðsnefndar og Félagsþjónustu A-Hún.

Fyrir fundinum lá fundarboð á fundi héraðsnefndar og félagsþjónustunnar sem báðir verða haldnir mánudaginn 13. desember. Hreppsnefnd yfirfór dagskrá og ræddi fjárhagsáætlanir byggðasamlaganna. Á fyrirliggjandi gögnum er ljóst að umtalsverð hækkun verður á kostnaði vegna sameiginlegra verkefna sveitarfélaganna bæði vegna félagsþjónustu og málefnum sem heyra undir héraðsnefnd.

3. Tómstunda og íþróttastarf.

Fyrir fundinum lá skýrsla tómstunda og íþróttafulltrúa um æskulýðs- og íþróttastarfið þar sem bæði er farið yfir starfið sem verið hefur og fyrirhugaða atburði. Skýrslan var til kynningar.

4. Ráðgjafþjónusta fyrir matvælaíðnað á Nl-vestra

Skýrsla um fyrirhugaða stofnun ráðgjafþjónustu fyrir matvælaíðnað á Norðurlandi vestra lá fyrir fundinum. Oddviti greindi frá kynningarfundum sem Ágúst Pétursson og Snorri Þórisson áttu með oddvita og sveitarstjóra 11. nóvember sl. Á fundinum var kynnt hvernig hugmyndin er að byggja upp ráðgjafþjónustuna. Málið var til kynningar og ákveðið að óska frekari upplýsinga áður en afstaða verður tekin til þátttöku.

5. Tillaga að álagningarreglum útsvars og fasteignagjalda

Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem minnt er á að ákvörðun sveitarstjórnar um útsvarsþrósentu skuli senda fjármálaráðuneyti fyrir 15. des. nk.

Sveitarstjóri lagði fram tillögu að álagningarreglum fasteignagjalda og útsvars fyrir gjaldaárið 2005. Svohljóðandi tillaga var samþykkt samhljóða:

Útsvar:

Álagningaprósenta útsvars verði 13,03%

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði 1,50% af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,5% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 6.000 kr og hámark 19.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald:

Sorphirðugjald verði 9.000 kr/íbúð.

Sorpeyðingargjöld eru 9.000 – 60.000 eftir áætluðu magni sorps frá fyrirtækjum og stofnunum.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 2.800 kr/ha.

Niðurfellingar fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2005.

Eftirfarandi eru reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega (75% örorku).

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 36.000.- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 20% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertri tekjutryggingu.
3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr 18.000 hjá:
 - a) Einstaklingum með tekur allt að 50% yfir óskerta tekjutryggingu og heimilisuppbót.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertri tekjutryggingu.

6. Bréf

- a) Sjávarútvegsráðuneytisins, dags. 6. des. 2004.

Í bréfinu er kynnt úthlutun á 3.200 þorskígildislestum til stuðnings byggðarlögum kynnt reglugerð um málið. Í bréfinu kemur fram að 138 þorskígildislestir koma í hlut Höfðahrepps á yfirstandandi fiskveiðiári. Þá kemur fram að sveitarfélaginu er gefin kostur á að gera tillögur til ráðuneytisins um reglur sem gilda um skiptingu úthlutunarinnar til einstakra skipa. Skulu tillögur sveitarfélagsins hafa borist ráðuneytinu fyrir 1. janúar 2005. Hreppsnefnd ræddi málið og ákvað að ítreka fyrirspurn til þeirra sem fengu úthlutaðan byggðakvóta á síðasta fiskveiðiári um hvernig stendur framkvæmd samnings um úrvinnslu í heimahöfn.

- b) Nefndar um sameiningu sveitarfélaga, dags. 3. des. 2004.

Í bréfinu er minnt á að umsagnarfræstur um sameiningartillögur hefur verið lengdur og áréttað að sveitarstjórnir álykti um sameiningartillögur og sendi álit sitt með rökstuðningi til til nefndarinnar.

- c) Sýslumannsins á Blönduósi, dags. 2. des. 2004.
Í bréfinu er óskað umsagnar um umsókn Hörfells ehf um rekstur veitinga og gististaðar í gistiheimilinu Dagsbrún.
Hreppsnefnd mælti með veitingu leyfisins en vísaði að öðru leyti til umsagnar slökkviliðsstjóra.
- d) Jafnréttisstofu, dags. 29. nóv. 2004.
Með bréfinu er minnt á áður boðaðan samráðsfund við jafnréttisnefndir sveitarfélaga þann 10. desember. nk. Bréfið var til kynningar
- e) Bæjarstjórna Blönduósbæjar, 1. des. 2004.
Í ljósi tillögu sameiningarnefndar sveitarfélaga óskar Bæjarstjórn Blönduósbæjar eftir viðræðum við sveitarstjórnir Áshrepps, Höfðahrepps og Skagabyggðar.
Sveitarstjóra falið að svara erindinu jákvætt.
- f) Nemendafélags FNV, dags. 1. nóv. 2004.
Með bréfinu óskar nemendafélagið eftir fjárstuðningi við að koma upp söngleiknum Thriller.
Samþykkt að verða við erindinu.
- g) Snorraverkefnisins, dags. 1. nóv. 2004.
Með bréfinu er boðið að taka þátt í Snorraverkefninu sem er samstarfsverkefni við Vestur-Íslendinga frá Bandaríkjunum og Kanada og er verkefnið m.a. fólgið í fjárhagsstuðningi við ungt fólk sem kemur til vinnu á Íslandi og að nýta krafta þeirra.
Hreppsnefnd sá ekki forsendur til þátttöku.
- h) Stígamóta, dags. 2. nóv. 2004.
Með bréfinu óska Stígamót eftir fjárframlagi til rekstur samtakanna. Erindinu var vísað til umfjöllunara fjárhagsáætlunar.
- i) Orion Ráðgjafar dags. 17. febrúar 2004.
Í bréfinu er boðin ráðgjöf við snjóvarnir á Skagaströnd með áherslu á einstaka staði snjór hefur safnast sérstaklega á.
Samþykkt að óska eftir samningi um verkefnið.
- j) Eigarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, dags. 27. okt. 2004.
Í bréfinu er greint frá úthlutun 300 þús. kr. styrks til að koma upp hringsjá á Spákonufellshöfða í samstarfi við Lionsklúbbinn á staðnum.
Bréfið var til kynningar.
- k) Samgönguráðuneytisins, dags. 14. okt. 2004.
Bréfið er svar við beiðni um fjárveitingu til dýpkunar Skagastrandarhafnar og sjóvarna með Fjörubraut og greint frá að erindinu hafi verið vísað til endurskoðunar samgönguáætlunar 2005-2008. Bréfið var til kynningar.
- l) Tölvupóstbréfs Erlings Ingvasonar, dags. 21. okt. 2004.
Erlingur spyrst fyrir um hvort sveitarfélagið taki þátt í fjármögnun tannlæknabúnaðar eins og gert var fyrir allmörgum árum þegar núverandi búnaður var keyptur.
Hreppsnefnd sá ekki forsendur til að fjárfesta í slíkum búnaði.

m) Barnaheillar, dags. 16. sept. 2004.

Barnaheill sækja um styrk til stuðnings verkefninu “stöðvum barnaklám á netinu.” Óskað er eftir 20 þús. kr. styrk vegna málsins. Erindinu vísað til gerðar fjárhagsáætlunar.

7. Fundargerðir:

a) Skólanefndar og foreldraráðs, 2. des. 2004.

Fundargerðin var samþykkt með fyrirvara um tillögur til fjárhagsáætlunar sem var vísað til þeirrar vinnu. Umræða varð um hvort bæta eigi nemendum þann skólatíma sem glataðist í verkfallinu. Ekki varð niðurstaða af þeirri umræðu en óskað eftir frekari upplýsingum m.a. hvað önnur sveitarfélög muni gera í stöðunni.

b) Aðalfundar Atvinnuþróunarfélags Nl. vestra. 28. ágúst 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

c) Heilbrigðisnefndar Nl. vestra, 3. nóv. 2004.

Fundargerðin var til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 19⁴⁰

Magnús B. Jónsson

(sign)

Adolf H. Berndsen

(sign)

Gígja H. Óskarsdóttir

(sign)

Jensína Lýðsdóttir

(sign)

Birna Sveinsdóttir

(sign)

8. desember 2004